# Miðvikudagur 20. september

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær.** (Sinha Moa). Nýr brasilískur framhaldsmyndlokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Í fjölleikahúsi.** (The Greatest Show on Earth). Breskur þáttur með fremsta fjölleikahúsfólki heims.
21.40 **...að eilífu.** (Bez Konca). Pólsk bíómynd frá 1984. Leikstjóri Krzysztof Kieslowski. Aðalhlutverk Grazyna Szapolowska og Jerzy Radziwilowitcz. Ung stúlka missir mann sinn sem hafði unnið að málsvörn fyrir verkamann í Samstöðu. Stúlkan setur sig inn í málið og þrátt fyrir dauða manns síns finnst henni hún eiga ýmislegt óuppgert í hjónabandinu. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
23.00 **Seinn fréttir.**
23.10 **...að eilífu – framh.**
23.40 **Ísland – Tyrkland.** Sýnt verður frá landsleik liðanna í knattspyrnu sem fram fór fyrr um daginn.
00.20 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.10 **David Copperfield.** David Copperfield er að koma heim eftir þriggja ára útlegð og minnist liðinna tíma með trega. Tilveran verður þó bjartari er hann hittir Agnesi, æskuvinkonu sína, aftur. Aðalhlutverk: Robin Phillips, Pamela Franklin, Edith Evans og Emlyn Williams.
17.05 **Santa Barbara.**
17.55 **Ævintýri á Kýþeríu.** Adventures on Kythera. Fyrsti hluti af sjö.
18.20 **Þorparar.** Minder. Bresku þorpararnir verða á dagskrá á miðvikudögum fram eftir hausti. Vinirnir eru komnir út fyrir borgarmörkin að vinna verk sem Arthúr hefur orðið þeim úti um. Þeir eiga að endurheimta bola sem að sögn tveggja virðulegra manna er þeirra eign. Þetta ævintýri dregur dilk á eftir sér. Aðalhlutverk: Dennis Waterman og George Cole.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Murphy Brown.** Einn vinsælasti framhaldsþáttur í bandarísku sjónvarpi í dag fjallar um sjónvarpsfréttakonuna Murphy Brown. Murphy þykir dæmigerð fyrir þá viðhorfsbreytingu sem átt hefur sér stað í sjónvarpsþáttum þar sem konan er hætt að vera ýmist í hlutverki húsmóðurinnar eða ástkonunnar. Aðalhlutverk: Candice Bergen, Pat Corley, Faith Ford, Charles Kimbrough, Robert Pastorelli, Joe Regalbuto og Grant Shaud.
20.55 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Geimvísindi, stjörnufræði, fólks- og vöruflutningar, byggingaraðferðir, arkitektúr og svo mætti lengi telja. Það er fátt sem ekki er skoðað með tilliti til framtíðarinnar.
21.50 **Ógnir um óttubil.** Midnight Caller. Fyrsti þáttur af þrettán í nýrri, bandarískri þáttaröð sem fjallar um Gary, fyrrverandi lögregluþjón, sem fyrir mistök drepur starfsbróður sinn og lætur þess vegna af störfum. Aðalhlutverk: Gary Cole, Wendy Kilbourne, Arthur Taxier og Dennis Dun.
22.45 **Tíska.** Videofashion. Það haustar í tískuheiminum eins og annars staðar.
23.10 **Í ljósaskiptunum.** Twilight Zone.
23.35 **Sverð Arthurs konungs.** Excalibur.
1.50 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Örn Bárður Jónsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Edward Frederiksen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (17). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón Kristján Guðmundur Arngrímsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Hugmyndaheimur Sólarljóða.** Umsjón Sólveig Guðmundsdóttir og Þórir Hrafnsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Að blása í blásarasveit. Umsjón Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri.)
13.35 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (2).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Harmóníkuþáttur.** Umsjón Högni Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** – Sigrún Gestsdóttir, Sigurður Björnsson og kór Öldutúnsskóla syngja íslensk og erlend lög. (Af hljómböndum.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Dagbók frá Berlín.** Fyrri þáttur um endurminningar Maríu Vassiltsíkov frá árum seinni heimsstyrjaldar. Umsjón Kristín Ástgeirsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Írland. Umsjón Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Ravel og Stravinsky.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (17). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Frá norrænum tónlistardögum í Stokkhólmi í fyrrahaust.** Jónas Tómasson kynnir verk eftir Olav Anton Thommesen, Kåre Kolberg og Arne Mellns.
21.00 **Úr byggðum vestra.** Umsjón Finnbogi Hermannsson. (Frá Ísafirði.)
21.40 **Gömul saga í nýjum búningi.** Um Dauðamenn eftir Njörð P. Njarðvík og Píslarsögu séra Jóns Magnússonar. Umsjón Soffía Auður Birgisdóttir. Lesari Sigríður Albertsdóttir. (Áður flutt í mars 1987.)
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?** Fjórði þáttur af fimm um lífskjör á Íslandi. Umsjón Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað kl. 15.03 á föstudag.)
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.**
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.**
18.03 **Íþróttarásin** – Ísland – Tyrkland í undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu. Íþróttafréttamenn lýsa leiknum beint frá Laugardalsvelli.
20.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Oddný Eir Ævarsdóttir.
22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson fjallar um trúbadúrinn rómaða, Bob Dylan. (Endurtekinn þriðji þáttur af sex frá sunnudegi á rás 2.)
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá rás 1 kl. 18.10.)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Alls kyns upplýsingar fyrir hlustendur sem vilja fylgjast með, fréttir og veður á sínum stað. **Fréttir fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast.**
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Sérstaklega vel valin og þægileg tónlist sem heldur öllum í góðu skapi.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Leitaðu ekki langt yfir skammt. Allt á sínum stað, tónlist og afmæliskveðjur.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Afslappandi tónlist í klukkustund.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Halli er með óskalögin í pokahorninu og ávallt í sambandi við **íþróttadeildina** þegar við á.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson,** Fréttir og alls kyns upplýsingar, sem þú vilt vita, heyrirðu hjá **Togga. Fræknir fréttamenn kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 10.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Hér er maður á ferðinni sem sefur brosandi, og er alltaf í stuði. Hádegisverðarpotturinn, Bibba, óskalög og afmæliskveðjur. **Fréttir kl. 12 og 14. Stjörnuskot kl. 11 og 13.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Þú getur treyst á það að heyra flest nýjustu lögin hjá **Möggu** á daginn. Stjörnuskáldið valið um 16:30. Þú getur Talað út eftir sex-fréttir um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er **681900. Fréttir allan daginn. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Kristófer Helgason.** Ertu í stuði, viltu senda kveðju eða óskalag? Hafðu samband við **Kristó** í síma **681900.** Hann er alltaf í stuði á kvöldin.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **FÁ.**
18.00 **MS.**
20.00 **MR.**
22.00 **FB.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## 957

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Snorri Már Skúlason.**
1.00– 7 **Tómas Hilmar.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

**Íslensk tónlistarvika á Útvarp Rót.** Öll tónlist sem flutt verður í dag verður eftir íslensk tónskáld eða með íslenskum flytjendum.
9.00 **Tónsprotinn.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslenskum hljóðfæraleikurum, kórum og einsöngvurum. Umsjón Soffía Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason.
10.30 **Í þá gömlu góðu daga.** Íslenskar dægurlagaperlur fyrri ára leiknar og rætt við tónlistarmenn. Umsjón: Soffía Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason.
12.00 **Tónafljót.** Leikin blönduð íslensk tónlist.
13.00 **Klakapopp.** Dægurlagatónlist síðari ára leikin og spjallað við tónlistarmenn. Umsjón: Steinar Viktorsson og Kristín Sævarsdóttir.
17.00 **Nýliðar.** Sigrún, Guðrún og Sigríður snúa skífum.
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Hulda og Magnea.
21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
22.00 **Magnamín.** Tónlistarþáttur með Ágústi Magnússyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Rokkað eftir miðnætti** með Hans Konráð Kristinssyni.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Hey Dad.** Fræðslumyndaflokkur.
18.30 **Mr. Belvedere.** Gamanþáttur.
19.00 **Rich, Man, Poor Man,** Framhaldssería.
20.00 **Falcon Crest.** Framhaldsþáttur.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Sheriff of Fractured Jaw.**
15.00 **Ozma of Ozoy.**
16.00 **Labyrinth.**
19.00 **Aurora.**
21.00 **Angela.**
22.45 **Murphy's Law.**
00.40 **The Hitchhiker.**
01.10 **Bloody Mama.**
03.00 **Labyrinth.**

## EUROSPORT

9.00 **Golf.** The Lancome Trophy sem fram fer í París.
10.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
11.00 **Knattspyrna.** Leikir í Írlandi.
12.00 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppnin í Aþenu.
13.00 **Golf.** Masters Showjumping Keppni í Calgary.
14.00 **Nú líður að Ryder Cup keppninni milli Evrópu og Bandaríkjanna. Litið á keppnina 1987.**
15.00 **Sund.** Keppni í Frakklandi.
16.00 **Trans World Sport.** Kappakstur.
17.00 **Róður.** Frá Heimsmeistarakeppni í Júgóslavíu.
18.00 **Masters Showjumping** Keppni í Calgary.
20.00 **Golf.** Nú líður að Ryder Cup keppninni milli Evrópu og Bandaríkjanna. Fylgst með undirbúningi.
21.00 **Knattspyrna.** Undankepppni heimsmeistarakeppninnar.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Look Out Europe.**
14.30 **Vinsældalistatónlist.**
15.30 **On the Air.** Popptónlist.
16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
17.30 **The Lloyd Bridges Show.**
18.00 **Beyond Tomorrow.** Kvikmynd.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Burke's Law.** Spennumyndaflokkur.
20.55 **Barnaby Jones.** Spennumyndaflokkur.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Rás 2 kl. 18.03:

# Tekið á rás Ísland – Tyrkland

Síðasti landsleikur Íslendinga í undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu verður í kvöld. Að þessu sinni sækja Tyrkir okkur heim og má búast við að þeir verði grimmir á móti harðsnúnu liði Íslendinga. Leikurinn hefur mikla þýðingu fyrir Tyrki þar sem þeir eiga möguleika á að hreppa sæti í lokakeppninni sem verður á Ítalíu á næsta ári. Hagstæð úrslit hafa einnig mikla þýðingu fyrir Íslendinga þar sem sigur í leiknum þýðir sennilega að Ísland færist upp í svokölluðum styrkleikaflokki þegar valið verður í riðla í næstu keppni.

Að sögn Samúels Arnar Erlingssonar verða íþróttafréttamenn RÚV út um víðan völl í Laugardalnum og munu þeir taka áhorfendur og leikmenn tali, auk þess sem leiknum verður lýst. Í dagskrárlok hjá Sjónvarpinu verða svo valdir kaflar úr leiknum sýndir á skjánum. -ÓTT



**Jack Killian er leikinn af Gary Cole en hlutverk eiganda útvarpsstöðvarinnar er í höndum Wendy Kilbourne sem leikur Devon King.**

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Ógnir um óttubil

Þetta er fyrsti þátturinn af þrettán sem fjalla um Jack Killian, fyrrverandi lögregluþjón frá San Fransiskó sem varð fyrir því óláni að skjóta starfsbróður sinn við skyldustörf. Í framhaldi af atburðinum á hann við þunglyndi að stríða og getur ekki hugsað sér að starfa sem lögreglumaður aftur. Þá kemur Devon King til sögunnar en hún er eigandi útvarpsstöðvar. Hún fær Jack til þess að prófa nýtt starf sem útvarpsmaður seint á kvöldin. Bráðlega nær Jack hlustendum á sitt band – úr verður að hann vinnur óbeint við að upplýsa glæpi með þeim hætti í samstarfi við félaga sinn, Zymak lögreglumann.

Spennan byrjar þegar kona að nafni Angel hótar að drepa kvænta menn sem eru ljóshærðir með dökk augu. Hún hringir í Jack og gefur honum vísbendingu um næsta glæp sem hún muni fremja. Með hjálp útvarpsins reynir Jack að komast á slóð glæpakvendisins. -ÓTT



**Dagskráin er byggð upp á líkamlegri hæfni sýnenda með leiklistarlegu ívafi.**

### Sjónvarp kl. 20.35:

# Í fjölleikahúsi

Nýi sirkusinn svokallaði er sambland af alþjóðlegum sirkus og leiknum atriðum. Sýningin fer fram í The London Festival of New Circus. Gamanleikarinn Judy Pascoe er kynnir.

Dagskráin er byggð upp á líkamlegri hæfni sýnenda með leiklistarlegu ívafi. Hér er um að ræða nútímafjölleikahús – en þó án dýra. Meðal þeirra sem koma fram eru Shenyang-loftfimleikamennirnir frá Kína – þeir sýna listir sem mun taka mörg ár að læra. Leikhúsflokkurinn Lumiere and Son frá London stílfærir gömul atriði úr fjölleikahúsi og heimfærir til nútímafjölleikahúss. Áhorfendur fá einnig að sjá kraftakarlana Archaos sem sýna listir sínar á heljarmiklu reipi. Þeir nota keðjusagir, mótorhjól og ýmis verkfæri við sýningaratriði sín. Auk þess koma fram The Pioneers frá Keníu, Jan Palacy og nokkrir fleiri. -ÓTT